

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndarsvið@althingi.is

Reykjavík, 9. maí 2023.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.). 153. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1452 – 922. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.). 153. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1452 – 922. mál. Félagið tekur undir mikilvægi þess að samræma löggjöf um málefni barna við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021 til að styrkja umgjörð um þjónustu og snemmtækan stuðning í þágu barna. Jafnframt er mikilvægt að auka vægi réttinda barna og tryggja betra samræmi þeirra lagabálka sem um ræðir við ákvæði samnings Sameinuðupjóðanna um réttindi barnsins sbr. lög nr. 19/2013 eins og frumvarpið boðar.

Félagið styður samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og hefur veitt umsagnir í vegna málsins á ýmsum stigum. Það er mikilvægt að samræma hugtakanotkun laga um málefni barna og stuðla að heildstæðri stefnumótun þegar kemur að málefnum barna. Einnig er mikilvægt að tryggja snemmtækan stuðning og gegnir skólakerfið sem og íþrótta- og æskulýðsstarf lykilhlutverki þegar kemur að því að efla þjónustu í þágu barna. Því er mikilvægt að skýra ákvæði sem lúta að skyldum þeirra aðila sem veita þjónustu í þágu barna eins og kemur fram í frumvarpinu. Aukin þjónusta í nærumhverfi barna með áherslu á snemmtæka íhlutun er til þess fallin að draga úr frekari vanda og getur dregið úr því að áskoranir í lífi barna leiði til íhlutunar barnaverndar.

Um leið og félagið styður við þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu er vert að vekja athygli á orðalagi í 4., 18., 28., 33. 41. og 43. gr. frumvarpsins þar sem segir: „... að greina vísbendingar um að þörfum nemenda sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við þeim á skilvirkan hátt.“ Þar færi betur að segja: „...að greina vísbendingar um hvort þörfum nemenda sé mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við á skilvirkan hátt í þeim tilvikum sem þeim er ekki mætt,“ Það er mikilvægt að huga að því að nota orðalag sem miðar að því að gert sé ráð fyrir að þörfum barna sé mætt með fullnægjandi hætti sem á við í flestum tilvikum og undantekningin er þegar þörfum barna er ekki mætt. Hugmyndin um glasið hálf fullt eða hálf tómt. Það hljómar betur að starfsfólki sem vinnur með börnum sé gert að fylgjast með velferð barna og vísbendingum um að þeim vegni vel en ekki gera ráð fyrir að það þurfi að leita eftir misfellum.

Félagsráðgjafar eru sérfræðingar þegar kemur að félagslegri heilsu, þeir hafa þekkingu á einstaklingsþroska, fjölskyldusamskiptum, löggjöf, þjónustustofnunum og félagslegum úrræðum og mynda þannig mikilvæga brú á milli einstaklings, fjölskyldu og samfélags. Með heildarsýn að leiðarljósi leita félagsráðgjafar leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og ná þannig fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og

samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins, skjólstæðingum sínum til hagsbóta. Þeir eru því ein af lykilstéttum þegar kemur að samþættingu þjónustu í þágu barna. Félagsráðgjöf er heilbrigðisgrein og sækja félagsráðgjafar um starfsleyfi til Landlækniseimbættis. Til þess að geta sótt um starfsleyfi þarf að ljúka fimm ára námi, sem felur í sér þriggja ára nám til BA-prófs auk tveggja ára MA-náms til starfsréttinda í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur ítrekað bent á mikilvægi faglegs stuðnings á öllum skólastigum sem byggir á heildarnálgun, viðeigandi farvegi og félagsráðgjöf í skólastarfi. Með því að efla skólastarfið í þágu barna og fjölskyldna með þverfaglegri þjónustu verður jafnframt stuðlað að aukinni hagræðingu í skólakerfinu. Nú liggur fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum (113. mál) en þingmálið var áður lagt fram á 150 þingi (647. mál), 151 þingi (113. mál) og á 152 þingi (267. mál) og skilaði félagið umsögn í hvert sinn. Að mati félagsins styður tillaga um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskóla við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og þær breytingar sem koma fram í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna sem hér er til umfjöllunar.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.), 922. mál

9. maí 2023

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi það.

Landssamtökin Þroskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og einhverft fólk. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undigengist, sem og á heimsmarkmiðum SP, sem hafa það meginmarkmið að **skilja engan eftir**.

Samtökin skiluðu umsögn um drög að frumvarpinu 10. mars 2023 og fögnuðu samtökin því að leggja skuli áherslu á snemmtækan stuðning og samþættingu á þjónustu á öllum skólastigum sem er liður í að styrkja umgjörð um þjónustu í þágu barna og stuðla að því að öll börn og foreldrar sem þurfa á að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi, án hindrana.

Í 5. kafla greinargerðar með frumvarpi því sem hér til umsagnar, þar sem fjallað er um samráð kemur fram að Landssamtökin Þroskahjálpar hafi gert athugasemd við að í frumvarpsdrögum væri eingöngu fjallað um nemendur upp að 18 ára aldri.

Með þessari athugasemd var Þroskahjálpar að vekja athygli á þeirri staðreynd að þrátt fyrir að gerð sé sérstök þjónustuáætlun þegar barnið nær 18 ára aldri til að stuðla að samfelli í þjónustunni þegar barnið nær fullorðinsaldri hefur fatlað fólk, 18 ára og eldra, ekki aðgang að fjölþættri þjónustu/þjónustuteymi til þess að þessi þjónustuáætlun, sem gerð er fyrir fullorðinsaldur, skili því sem henni ber og er ætlað að gera.

Landssamtökin Þroskahjálpar ítreka og áréttu miklar áhyggjur af þessum skorti á nauðsynlegri þjónustu fyrir fatlað fólk.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra barna og ungmenna

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi - nefndasvið
b.t. Allsherjar og menntamálanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2023

Efni: Mál 922. Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna(sambætting þjónustu o.fl)

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um breytingu á ýmsum lögum, sérstaklega leik- og grunnskólalögum. Frumvarpið er sagt vera „mikilvægur liður í að styrkja enn frekar umgjörð þjónustu í þágu barna og stuðla að því að öll börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að sambættri þjónustu við hæfi án hindrana.“ Markmið frumvarpsins er sagt vera að „tryggja samræmi og áréttu skyldur og ábyrgð þeirra aðila sem koma að því að veita börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu.“ Einnig er sagt að ef frumvarpið verði ekki samþykkt muni „verða ósamræmi til staðar í gildandi lögum“.¹

Eftir að hafa lesið frumvarpið og borið það saman við markmið laganna kemur í ljós mikið ósamræmi, ógagnsæi og það er augljóst að frumvarpið nær hvorki til allra foreldra, umönnunaraðila né barna. Frumvarpið, eins og það er lagt fram, nær hvorki markmiði sínu né tilgangi. Hópur barna og foreldra er skilinn eftir án stuðnings, þjónustu og aðildar. Ekki hefur farið fram jafnréttismat á frumvarpinu.

Áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun

Þann 17. október 2022 voru áform um ný heildarlög um skólaþjónustu kynnt og opnað fyrir umsagnir á Samráðsgáttinni². Ég sendi inn umsögn og ítrekaði nauðsyn þess að ný lög tækju mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sérstaklega eftirfarandi ákvæðum laga 19/2013³, Barnasáttmála SP⁴:

- 2. gr.: Öll börn eiga að vera jöfn
- 5. gr.: Stjórnvöld skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur fjölskyldna
- 6. gr.: Öll börn eiga rétt á því að lifa og þroskast og skulu stjórnvöld tryggja það foreldrar bera aðalábyrgð á uppeldi barna sinna.
- 18. gr.: Þegar barn á tvo foreldra bera þeir almennt báðir ábyrgð á uppeldi barnsins.
- 23. gr.: Fötluð börn eiga rétt á því að lifa við aðstæður sem gerir þeim kleift að lifa eins góðu lífi í samfélaginu og völ er á. Stjórnvöld eiga að fjarlægja hindranir svo öll börn geti orðið sjálfstæð og tekið þátt í samfélaginu með virkum hætti.
- 28. gr.: Öll börn eiga rétt á menntun. Grunnmenntun á að vera ókeypis og öll börn eiga að hafa aðgang að framhaldsmenntun. Hvetja á börn til þess að mennta sig.
- 29. gr.: Menntun á að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og

¹ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/153/922/?ltg=153&mnr=922>

² [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3308](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3308)

³ <https://www.althingi.is/altext/141/s/1045.html>

⁴ <https://www.barnasattmali.is/>

fjölbreytileika.

Því miður hefur ekki verið tekið tillit til Barnasáttmála SP þegar frumvarpið var samið og greinar 2., 5., 6., 18., 23., 28., og 29. alveg hunsaðar.

Takmarkanir á nógildandi lögum

Gallar í nógildandi lögum um leik- og grunnskóla eru fjölmargir. Alvarlegastir eru gallarnir sem taka ekki mið af breyttu samfélags og fjölskyldumynstri. Réttindi eru hvorki færð öllum börnum né öllum foreldrum og mörg börn og foreldrar eru alveg án réttinda. Þau fá enga aðild, enga þjónustu, engin réttindi og engan stuðning. Þetta hafa bæði menntamálaráðuneytið og Umboðsmaður Alþingis staðfest.

Menntamálaráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu árið 2018 að foreldri sem ekki hefur lögheimili barns hefur engin réttindi í lögum um grunnskóla⁵. Þó forsjá sé sameiginleg og umgengni jöfn þá hefur það ekki rétt á að sitja teymisfundi eða eiga í eðlilegum samskiptum við starfsfólk skóla vegna fatlaðs barns. Lögin ná ekki utan um þessar aðstæður og engin kæruleið er í nógildandi lögum. Einnig gera lögin ekki ráð fyrir því að staða barna sé greind, stuðningsnet barnsins sé kortlagt og það virkjað því til stuðnings.

Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu árið 2021 að sveitarfélög gætu tekið upp nýjar veflausnir í samskiptum við foreldra sem miða aðeins við lögheimili barnsins og loka um leið á aðgengi annarra. Umboðsmaður Alþingis segir engin ákvæði í lögum kveða á um réttindi annarra en lögheimilisforeldra barnsins til að geta nýtt sér nútíma veflausnir í samskiptum við skóla⁶. Málið snýst um að Kópavogsbær tók upp nýja veflausn í samskiptum við foreldra sem var hannað með þeim hætti að aðeins foreldrar með lögheimili barnsins gátu skráð sig inn og nýtt það til samskipta við skóla. Yfir þessu var kvartað til umboðsmanns. Umboðsmaður Alþingis lauk málinu með bréfi. Meðal þess sem stendur í bréfi umboðsmanns er að kvörtunin hafi ekki „*varðað tiltekna athöfn, athafnaleysi eða ákvörðun stjórnvalds sem fól í sér beitingu stjórnvalds og beindist að eða hafði áhrif á hagsmuni þess sem kvartaði*“, „*voru ekki skilyrði til að umboðsmaður fjallaði um kvörtunina*“. Einnig segir umboðsmaður að ákvæði í barnalögum um aukinn rétt lögheimilisforeldris til ákvarðanatöku jafngildi því að aðrir en lögheimilisforeldrar hafi ekki rétt á að nota veflausnir. Í bréfinu stendur „*Þá er einnig bent á að foreldrar eigi ekki sama rétt lögum*“ og „*Aðgengi að kerfum á vegum Kópavogsbæjar geti því komið til með að vera áfram háð þeim takmörkunum sem lög kveða á um.*“

Niðurstaða umboðsmanns er því sú að ekkert í nógildandi lögum heimili öðrum en lögheimilisforeldri að nota veflausnir eins og vala.is og Mentor. Sveitarfélög geta því hvenær sem er breytt skilyrðum fyrir innskráningu í Mentor án þess að það teljist „*athöfn, athafnaleysi eða ákvörðun stjórnvalds sem hefur áhrif á hagsmuni*“ foreldris sem ekki hefur lögheimili barnsins.

Þessir tveir gallar eru mjög alvarlegir og gera það að verkum að 3. grein grunnskólalaga, 91/2008⁷, um að foreldrar „*teljist þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga*“ nær eingöngu til þess foreldris sem hefur lögheimili barnsins. Aðrir foreldrar, þó forsjá sé sameiginleg, njóta engra réttinda í lögnum og bera því ekki heldur neinar skyldur. Réttindi barna sem tilheyra þessum hópi eru því lakari en annarra barna.

⁵ MMR18070054

⁶ <https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/9053/skoda/mal>

⁷ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Foreldrar sem ekki hafa lögheimili barna sinna bera því aðeins skyldur gagnvart skólagöngu barns samkvæmt 4. mgr. 28. gr. Barnalaga, 76/2003⁸. Það er einnig mikill galli á núgildandi lögum að foreldri sem ekki hefur forsjá barns en nýtur umgengni hefur engum skyldum að gegna gagnvart skólagöngu barnsins. Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. Barnalaga þá hvílir sú skylda á lögheimilisforeldri að vera milliliður í samskiptum skóla og hins foreldrisins.

Að sama skapi er hvergi í lögnum fjallað um ábyrgð, réttindi eða skyldur stjúpfóreltra. Jafnvel þó þeir hafi alið barn upp í mörg ár, jafnvel allt þeirra líf, þá njóta þeir engra réttinda þegar kemur að aðild að stuðningi við barn.

Þessir fjórir stóru gallar eru það alvarlegir að nauðsynlegt er að skerpa á réttindum barna og fóreltra, skerpa á skilgreiningum og hlutverkum þeirra sem sinna umönnun barns og bera ábyrgð á því. Núgildandi lög gera ekki ráð fyrir fjölbreyttu fjölskyldumynstri og sameiginlegri ábyrgð fóreltra.

Stóru gallarnir fjórir eru:

- Aðeins lögheimilisforeldri hefur rétt á aðild að stuðningi við barn.
- Aðeins lögheimilisforeldri hefur rétt á að nota veflausnir í samskiptum við skóla.
- Stjúpfóeldri nýtur engra réttinda í lögum og ekki er gert ráð fyrir því að þeir gegni hlutverki í umönnun eða að ala upp barnið.
- Forsjárlaust fóeldri nýtur engra réttinda í lögum og ekki er gert ráð fyrir því að þeir gegni hlutverki í umönnun eða að ala upp barnið.

Eftir sitja því börn án réttinda, án stuðnings og án sömu réttindi til þroska og önnur börn.

Um frumvarpið

Ekkert í frumvarpinu miðar að því að leysa úr óvissu og göllum sem eru í núgildandi lögum. Ekki er verið að innleiða Barnasáttmála Sp. Ekki er verið að tryggja öllum fóeldrum og börnum rétt til stuðnings og aðildar.

Ekkert í frumvarpinu veitir öðrum en lögheimilisfóeldrum barna réttindi. Börn sem búa á tveimur heimilum njóta því minni réttinda en önnur börn.

Ekkert er tikið á þeim takmörkunum bæði menntamálaráðuneytið og Umboðsmaður Alþingis hafa sett á leik- og grunnskólalög sem takmarka réttindi annarra en lögheimilisfóeltra. Í frumvarpinu nær hugtakið „fóeldrar“ og „allir fóeldrar“ því aðeins til lögheimilisfóeltra. Enn nota aðrir fóeldrar, stjúpfóeldrar og umönnunaraðilar engra réttinda. Börn sem búa á tveimur heimilum njóta því ekki þeirra sjálfsögðu réttinda að fóeldrar þess séu upplýstir um hvað barni er fyrir bestu, að þeir geti tekið á móti því eftir skóla og undirbúið barnið fyrir næsta skólalag.

Ekkert jafnréttismat hefur farið fram. Ljóst er að meirihluti einstæðra lögheimilisfóeltra eru kvenkyns og lenda því mun þyngri byrðar á þeim en öðrum fóeldrum. Samkvæmt núgildandi lögum og frumvarpi þá bera þær einar alla ábyrgð á skólagöngu barns, samskiptum skólans við hitt fóeldrið og á að upplýsingar berist til hins foreldrisins. Ef barnið á við erfiðleika að stríða þá ber fóeldrið einnig eitt alla ábyrgð á að fræða hitt fóeldrið um uppeldisaðferðir, úrræði o.fl. sem sérfræðingar bera almennt ábyrgð á. Sé viðkomandi fóeldri erlent flækist málið enn meira.

Rannsóknir sýna að mikil umönnunarbyrði leiðir til meiri örorku kvenna. Þessi umönnunar- og heimilisstörf eru einnig að mestu ólaunuð sem leiða til aukins launamunar kynjanna.⁹ Þess vegna er

⁸ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html>

⁹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/_Kortlagning_kynjasionarmida_vefur.pdf

mjög mikilvægt að jafna stöðu kynjanna í leik- og grunnskólalögum. Leik- og grunnskólalög eiga ekki að setja íþyngjandi umönnunarbyrðar á konur og auka hættu þeirra á örorku.

Tillögur

Vegna þess að frumvarpið nær hvorki tilgangi sínum né markmiðum og skilur hóp foreldra og barna í viðkvæmri stöðu eftir án allra réttinda þá hvet ég Alþingi til að senda frumvarpið aftur til Barna- og menntamálaráðuneytisins. Áður en frumvarpið verður lagt fram aftur þarf að ljúka eftirfarandi:

- Kortleggja stöðu barna
- Kortleggja fjölbreytt nútíma fjölskyldumynstur
- Gera jafnréttismat
- Skilgreina réttindi barna almennt og þeirra sem tilheyra fjölbreyttu fjölskyldumynstri
- Skilgreina hlutverk umönnunaraðila
- Skilgreina og útskýra aðild umönnunaraðila
- Taka mið af Barnasáttmála SP

Til vara þá legg ég til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við frumvarpið:

„Hugtakið foreldrar nær til allra þeirra sem annast barnið óháð lögheimili og forsjá. Til foreldra teljast einnig umgengnisforeldrar og stjúpforeldrar. Barnalög takmarka ekki réttindi foreldra til þátttöku, aðildar, upplýsinga og notkunar veflausna. Réttur allra foreldra á að vera jafn. Hins vegar hafa aðeins þeir foreldrar sem hafa lögheimili barns rétt til að taka lokaákvörðun í málum barns séu foreldrar ekki sammála.“

Ég vona að vel verði tekið í umsögn mína. Ég er reiðubúinn að mæta fyrir Allsherjar- og menntamálanefnd til að útskýra umsögn mína sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Lúðvík Júlíusson



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 11. maí 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.)

Vísað er til erindis Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.), 922. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum í því skyni að samræma löggjöf við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.¹

Umboðsmaður barna fagnar þeim tillögum sem lagðar eru fram með frumvarpinu og telur jákvætt og nauðsynlegt að þær áherslur sem fram koma í farsældarlögum séu einnig undirstrikaðar í sérlægum á sviði mennta,- frístunda og íþróttamála. Reynslan á innleiðingartímabili farsældarlaganna hingað til hefur, að mati umboðsmanns, sýnt fram á að þarft sé að skerpa enn frekar á þeim skyldum sem hvíla á þjónustuveitendum skv. IV. kafla laganna.

Embættið hefur frá árinu 2021 sinnt réttindagæslu barna á grundvelli þingsályktunartillögu um barnvænt Ísland nr. 28/151. Af þeim málum sem embættið hefur tekið til meðferðar er í flestum tilfellum um að ræða erfiðleika innan grunnskóla af ýmsum toga og skort á því að börnum sé veittur sá stuðningur sem þörf er á. Á grundvelli þeirra upplýsinga telur umboðsmaður barna ljóst að sterkar vísbendingar séu til staðar um að víða sé staða barna með stuðningsþarfir alvarleg innan skólakerfisins. Einnig hefur embættið orðið vart við það að beiðnum foreldra um samþættingu hafi verið synjað á þeim grundvelli að önnur úrræði hafi ekki verið reynd, en ljóst er að sú framkvæmd er í andstöðu við meginmarkmið laganna, að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu án hindrana. Tekur umboðsmaður barna því undir það sjónarmið að þörf sé á að á rétta sérstaklega þær skyldur sem hvíla á þjónustuveitendum skv. farsældarlögum. Þá telur embættið einnig að 19. gr. frumvarpsins, þar sem skyldur umsjónarkennara eru formfestar og aðgreindar frá skyldum tengiliðar, sé til þess fallin að styðja enn frekar við þær áherslur sem fram koma í farsældarlögunum.

¹ Hér eftir farsældarlög.

Þó er óhjákvæmilegt að nefna í þessu sambandi að skortur á úrræðum og bið barna eftir nauðsynlegri þjónustu er ekki síður alvarlegt vandamál. Umboðsmaður barna birti þann 21. mars sl. upplýsingar um bið barna eftir þjónustu en embættið hefur staðið fyrir reglulegri upplýsingaöflun um þann fjölda barna sem bíður eftir þjónustu hjá tilteknum aðilum með það að markmiði að varpa ljósi á stöðuna hverju sinni. Telur umboðsmaður því rétt að benda á nauðsyn þess að tekið sé tillit til þessarar stöðu í víðara samhengi og að við endurskoðun laga og stefnumótun í þágu velferðar og farsældar barna sé tekið mið af raunverulegri stöðu barna, enda er ljóst að ekki er unnt að samþætta þjónustu sem ekki er fyrir hendi.

Að lokum fagnar umboðsmaður barna því sérstaklega að með frumvarpinu sé gert ráð fyrir aukinni þátttöku barna og telur jákvætt að lagt sé til að sú löggjöf sem breytingarnar ná til endurspegli betur réttindi barna samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, einkum hvað varðar 12. gr. samningsins.

Gerir umboðsmaður samkvæmt framansögðu engar athugasemdir við efni frumvarpsins, en áréttar mikilvægi þess að ráðist verði í aðgerðir til að leysa þann aðkallandi vanda sem til staðar er varðandi skort á úrræðum og bið barna eftir þjónustu, enda verður markmiðum farsældarlaganna ekki náð með öðru móti.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Mennta- og barnamálaráðuneyti
Sölvhólsgrata 4
101 Reykjavík

EFNI: UMSÖGN VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÝMSUM LÖGUM Í ÞÁGU BARNA (SAMÞÆTTING ÞJÓNUSTU O.FL) – 153. LÖGGJAFARÞING 2022-2023. ÞINGSKJAL 1452 – 922. MÁL.

UMFÍ tekur nú sem fyrr heilshugar undir allt það sem bætir farsæld og velferð barna og ungmenna og veitir þeim aukin tækifæri til þátttöku. Allar opnar dyr eru til þess fallnar að bæta mannlífið, bæði í heild og einstaklingana. Farsældin er gott leiðarljós. Í fyrri vinnu við frumvarpið vöktum við sérstaklega athygli á 40. og 41. greinum þess, þar sem annars vegar er fjallað um markmið íþróttastarfs með börnum og breytta nálgun og áherslu á samfelli og samþættingu í þjónustu með það að markmiði að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Og svo hins vegar viðbættu ákvæði þar sem áréttuð er sérstök skylda aðila sem starfa á grundvelli laganna til að fylgjast með og bregðast við þörfum barna.

Markmið ráðuneytisins eru afar jákvæð og metnaðarfull. Mikilvægt er að innan íþróttahreyfingarinnar sé unnið að þessum markmiðum enda ljóst að til þess að unnt sé að skapa heildarsýn og samfelli í þjónustu í þágu barna þurfa allir aðilar að vinna að sama markmiði.

BREYTT ÍÞRÓTTAHÉRUÐ Í ÞÁGU BARNA

Við hjá UMFÍ höfum trú á að lausnin geti verið að stórum hluta fólgin í breytingu og aðkomu íþróttahéraða til að bæta og jafna farsæld barna um allt land. Við bendum á að á þingi ÍSÍ um liðna helgi voru samþykktar tillögur starfshóps ÍSÍ og UMFÍ um breytingu á fyrirkomulagi íþróttahéraða. Þau eru nú 25 talsins og hefur bæði skipulag þeirra og fyrirkomulag verið óbreytt um áratugaskeið. Þess í stað hefur starfsemi héraðanna þróast hvert með sínum hætti.

Sambærilegar tillögur og voru samþykktar á þingi ÍSÍ verða lagðar fram á þingi UMFÍ í haust.

Hugmyndin er að koma á fót sameiginlegum starfsstöðvum vítt og breytt um landið sem hafa það samræmda hlutverk að þjónusta íþróttahéruðin í sínu nærumhverfi.

Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og starfsstöðvar um allt land auki skilvirkni og viðbragðsflýti innan íþróttahreyfingarinnar. Það muni einfaldlega styrkja

stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og stuðla þannig að farsæld barna og annarra sem nýta þjónustu hreyfingarinnar.

Þetta er nálgun sem á að bæta samfélagið og hvetjum við stjórnvöld til að styðja íþróttahreyfinguna í þessu máli.

Efling íþróttahéraða er jafnframt í samræmi við stefnu mennta- og barnamálaráðuneytis í málaflokknum. Að mati okkar hjá UMFÍ er þetta sterkasta og árangursríkasta leiðin til að ná markmiði laga í þágu barna.

Við áréttum nú sem í fyrri umsögn okkar mikilvægi þess að leiðarvísar og verkfæri fylgi með öllum þeim lögum er varða farsæld barna. Ekki nægir að segja fólk að vera með. Verkfærin til að vinna málið og varða leiðina verða að fylgja með svo aðrir geti fylgt á eftir og farnast vel.


Það er samfélaginu til góða.

SAMAN ERUM VIÐ ÖLL BETRI

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga og sjálfstæð félagasamtök skv. íþróttalögum. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907.

Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins sem skiptast í 22 íþróttahéruð og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 480 félög innan UMFÍ. Stór meirihluti félagsmanna eru börn og ungmenni og því lykilatriði að tryggja að sem flest börn fái tækifæri til að blómstra. Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Með ungmennafélagskveðju,



Auður Inga Þorsteinsdóttir

framkvæmdastjóri UMFÍ